



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 21. nóvember 2024

Málsnúmer: SFS22050078

## TILLAGA

### Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um viðauka við þjónustusamning Söngskólans í Reykjavík vegna efri stiga tónlistarnáms

Lagt er til að gerður verði viðauki við þjónustusamning Söngskólans í Reykjavík, dags. 6. september 2024, vegna efri stiga tónlistarnáms þar sem framlag verði aukið um 26.565.000 kr. og kennslumagn aukið um 1719 stundir eða að lágmarki 1619 nemendastundir fyrir framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á samningstímanum 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

#### Greinargerð:

Hlutverk Reykjavíkurborgar þegar kemur að söng- og tónlistarnámi á efri stigum er að miðla framlagi Jöfnunarsjóðs í samræmi við reglur sjóðsins og að gera samninga við þá aðila sem falla undir samkomulag um eflingu tónlistarnáms. Samningar vegna framlagsins hafa því ekki útgjaldaáhrif á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

Um er að ræða leiðréttingu á framlagi til Söngskólans í Reykjavík í samræmi við ný gögn frá Söngskólanum varðandi nemendafjölda skólaárið 2023-2024 á efri stigum söngnáms við útreikning á framlagi frá Jöfnunarsjóði í haust. Óskað var eftir leiðréttingu frá Jöfnunarsjóði sem var samþykkt.

Gerð viðaukans hefur ekki fjárhagsleg áhrif á skóla- og frístundasvið.



Reykjavík